**Nd.** **219. Breytingartillögur** [119. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins o. fl.

Frá Jóni Skaftasyni.

1. Á eftir orðunum „freðfiski“ í 1. tölul. 1. málsgr. 3. gr. komi: af saltaðri og sérverkaðri síld.
2. Við bráðabirgðaákvæði. Á eftir b-lið komi nýr stafliður, svo hljóðandi:

   Ríkisstjórnin skal láta fara fram endurskoðun á ákvæðum 3. gr. um útflutningsgjald. Skal endurskoðunin við það miðuð að breyta gjaldinu þannig, að það verði miðað við þunga útfluttra sjávarafurða í stað verðmætis og jafnframt lækkað verulega.

   Þessari endurskoðun skal lokið það snemma, að unnt verði að leggja fram frumvarp um þetta efni í upphafi næsta þings.